



**From:** Sigurjón Örn Lárússon  
**Sent:** þriðjudagur, 31. október 2023 10:19  
**To:** Gústav Aron Gústavsson <[gustav.a.gustavsson@irn.is](mailto:gustav.a.gustavsson@irn.is)>  
**Subject:** FW: Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Sæll Gústav

Í framhaldi af samtali okkar á fundi 19. október sl. viljum við koma eftirfarandi á framfæri við nefndina.

Við óskum eftir því að forsendur þess bréfs sem við fengum 13. október sl. verði skoðaðar nánar, farið verði yfir ársreikninginn og metið hvort ástæða sé til þess að afturkalla bréfið.

Ef það er niðurstaða nefndarinnar að afturkalla ekki bréfið, frá 13. október, óskum við eftir því að eftirfarandi athugasemd sem fram kemur í bréfinu verð felld út:

*„ Þrátt fyrir bráðbirgðaaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 þar sem sveitarstjórn er heimilt að víkja frá skilyrðum um jafnvægisreglu og skuldareglu út árið 2025 vill EFS benda sveitarstjórn á að árið 2026 þarf að uppfylla framangreind skilyrði.“*

Við gerum athugasemd við að þetta sé sett fram í bréfi til okkar, þar sem við erum að standast fjármálareglur og ef nefndin hefur skoðað ársreikninga eða fjárhagsáætlana undanfarinna ára þá kemur það skýrt fram í þeim að rekstur Vestmannaeyjabæjar er langt frá því að geta ekki uppfyllt þær fjármálareglur sem taka aftur gildi árið 2026.

Svo viljum við líka benda á að ástæður þess að A-hluti er neikvæður er ekki í rekstrarlegum forsendum heldur vegna þessa að peningalegir sjóðir sveitarfélagsins sem eru í eignastýringu voru með neikvæðri ávöxtun á árinu 2022 að upphæð 140 m.kr.

Ef einungis reksturinn í A-hluta væri skoðaður er hann sjálfbær.

A-hlutinn var í tapi 2022 um það er enginn vafi. Kvittuðu allir bæjarfulltrúar upp á ársreikninginn og því allir vel upplýstir um tapið og ástæður þess.

Okkur þykir ekki þörf á svona ábendingu ef horft er á ársreikning A-hluta í heild sinni frekar en að draga stakar tölur úr honum.

- Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru mjög góð hjá bæði A-hluta og AB-hluta
- Langtímaskuldir við lánastofnanir hjá A-hluta eru 19,1 m.kr. sem verða að lang stærstum hluta uppgreiddar í ágúst 2024
- Langtímaskuldir við lánastofnanir hjá B-hluta eru ekki nema 191,6 m.kr.
- Sakmvæmt jafnvægisreglunni er AB-hluti jákvæður um 449 m.kr.

Við viljum við þakkar þér fyrir að taka samtalið við okkur og óskum eftir því að nefndin taka þessar athugasemdir til umfjöllunar.

Bestu þakkir

Kv

Sigurjón Ö. Lárússon  
Fjármálastjóri  
Sími: 488-2025, Farsími: 770-8001  
Netfang: [sigurjon@vestmannaeyjar.is](mailto:sigurjon@vestmannaeyjar.is), [www.vestmannaeyjar.is](http://www.vestmannaeyjar.is)